



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2024.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis, þskj. 1290, 864. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Telur skrifstofan það innihalda ýmsar breytingar til bóta og styður við lögleiðingu þess. Hins vegar er ýmsa hnökra að finna á frumvarpinu sem vel er lýst í umsögn Öryrkjabandalags Íslands, dags. 1. mars 2024, í samráðsgáttinni, en litlar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu síðan drögin voru lögð fram þar.

Í umsögn ÖBÍ er m.a. bent á að dæmi geti verið um að einstaklingar í tilteknum hópi muni fá lítið sem ekkert hærrí greiðslur í nýju kerfi og að brýnt sé að nánar verði kveðið á um útfærslu á samþætту sérfræðimati í frumvarpinu. Í umsögninni kemur einnig fram að varasamt geti verið að gera kerfisbreytingar þegar fullnægjandi grunnur að þeim hefur ekki verið lagður í samfélaginu og á vinnumarkaði og bent á að aðgerðaáætlun þyrfti að liggja til grundvallar til þess að kerfisbreytingarnar virki, t.d. um hvernig eigi að fjölga endurhæfingarúrræðum og tækifærum á vinnumarkaði. ÖBÍ bendir enn fremur á mikilvægi þess, varðandi sjúkra- og endurhæfingargreiðslur, að kerfið verði þannig úr garði gert að fólk falli ekki á milli kerfa eins og nú sé raunin og að það verði ekki skilyrði að einstaklingur komist að í viðurkennda meðferð eða endurhæfingu innan tiltekins tíma. Þá eru gerðar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem gera ráð fyrir að virknistyrkur kunní að vera felldur niður í tilteknum tilvikum.

MRSÍ tekur undir ofangreint sem og umsögnina í heild eins og áður sagði. Geldur skrifstofan sérstaklega varhuga við að lágmarksfjárhagsaðstoð verði bundin skilyrðum enda er í 1. mgr. 76.gr. Stjórnarskrárinnar kveðið á um að öllum sem þess þurfa skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Að binda lágmarksaðstoð skilyrðum stenst því ekki framangreint stjórnarskrárákvæði.

Loks hvetur MRSÍ til að lítið verði til stöðu fatlaðra kvenna en í frumvarpinu er ekki gerð breyting á því fyrirkomulagi að fjármagnstekjum skuli skipta til helminga á milli hjóna við útreikning greiðslna, óhád því hvort hjónanna sé eigandi þeirra eigna sem mynda tekjurnar eða hvort um séreign eða hjúskapareign sé að ræða. ÖBÍ bendir réttilega á að framangreint er frávik frá því að ekki skuli horfa til tekna maka við ákvörðun réttinda greiðsluþega og að þetta valdi verulegu valdaójafnvægi á milli greiðsluþega og maka hans sem hafi fjárhagstekjurnar og dragi úr sjálfstæði hans. Í sinni verstu mynd leiði þetta til þess að



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

einstaklingi í ofbeldissambandi sé ókleift að yfirgefa það vegna fjárhagslegs ójafnvægis. Framangreint fyrirkomulag samræmist ekki Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), sér í lagi meginreglunni um virðingu fyrir sjálfstæði einstaklinga, sbr. 3. gr. hans og þeim jafnréttisgildum sem hann hvílir á enda ljóst að reglan komi mun verr niður á konum en körlum. SRFF viðurkennir þann veruleika að fatlaðar konur eiga í mun meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi innan heimilisins og skyldar aðildarríkin til þess að grípa til aðgerða til að vernda fatlað fólk gegn ofbeldi innan heimilis, sbr. 1. mgr. 16. gr. samningsins.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir  
Framkvæmdastýra